

STJÓRNARTÍÐINDI A 17 — 1975

Nr. 70.

172

11. ágúst 1975.

AUGLÝSING

um að forseti Íslands sé kominn heim og tekinn við stjórnarstörfum.

Forseti Íslands, dr. Kristján Eldjárn, kom í dag úr för sinni til útlanda og hefur á ný tekið við stjórnarstörfum.

Í forsætisráðuneytinu, 11. ágúst 1975.

Geir Hallgrímsson.

Guðmundur Benediktsson.

Nr. 71.

16. september 1975.

FORSETABRÉF

um að Alþingi skuli koma saman til fundar föstudaginn 10. október 1975.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt:

Ég hef ákveðið samkvæmt tillögu forsætisráðherra, að Alþingi skuli koma saman til fundar föstudaginn 10. október 1975.

Um leið og ég birti þetta, er öllum, sem setu eiga á Alþingi, boðið að koma nefndan dag til Reykjavíkur, og verður þá Alþingi sett að lokinni guðspjónustu í Dómkirkjunni, sem hefst kl. 13.30.

Gjört í Reykjavík, 16. september 1975.

Kristján Eldjárn.

Geir Hallgrímsson.